

Fiskeldi Austfjarða
Laxabraut 9
815 Þorlákshöfn

7. janúar 2026
UOS2501623/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 25. júní 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Fiskeldi Austfjarða hf, Röndin, Kópaskeri, ID 485 þann 20. maí 2025. Þann 15. júlí 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Rekstraraðili skal vakta líffræðilega þætti í strandsjó skv. vöktunaráætlun, vöktun var ekki hafin þegar eftirlitið átti sér stað. Vöktun hófst 18. júní 2025 samkvæmt nýlega samþykktri vöktunaráætlun. Rekstraraðili skilaði vöktunarskýrslu 21. nóvember 2025, sú skýrsla inniheldur ekki ársvöktun eins og var tekið fram í vöktunaráætlun. Áætluð lokaskýrsla á vöktun er um júní 2026 samkvæmt úrbótaáætlun.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Brúsar voru án lekabyttu við fiskeldiskerin. Farið var í að hanna og leita lausna á lekabyttum strax eftir eftirlitið. Rekstraraðili sendi eftirlitsaðila myndir 2. september 2025, þar sem lekabyttur voru komnar undir brúsana við fiskeldiskerin. Frávikinu er lokað.
2. Gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. Gr í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi. Skv. 41 gr. í reglugerðinni 884/2017 þurfa mengunarvarnir að vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu. Rekstraraðili er búinn að setja árekstrarvarnir við olíutank, myndir sendar til staðfestingar 6. ágúst 2025. Frávikinu er lokað.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

lögfræðingur í teymi eftirlits